



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um færanlegar stofur við Gullborg***

Á 189. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. ágúst 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

*Lagt er til að komið verði fyrir færanlegum kennslustofum á lóð leikskólans Gullborgar til að brúa bilið á meðan framkvæmdir við skólann standa yfir til að hægt verði að taka inn þau börn sem hafa fengið vilyrði fyrir leikskólaplássi og áttu að hefja aðlögun nú í haust.*

Nýjum leikstofum verður komið fyrir á lóð leikskólans Gullborgar nú í vor. Áætlað er að stofurnar verði til frambúðar sem viðbót við leikskólann. Þegar búið er að koma stofunum fyrir verður ráðist í endurbætur á núverandi húsnæði leikskólans þar sem starfsmannaaðstaða verður bætt og deild og fataklefa verður breytt. Millibygging leikskólans veður stækkuð til að koma fyrir fatahólfum barnanna og öll starfsmannaaðstaða verður í minna húsinu.